



Framkvæmda- fréttir 22. tbl. / 10



Vígsla Héðinsfjarðarganga 2. október 2010. Við fánabordann standa frá vinstri talið: Helgi Hallgrímsson og Jón Rögnvaldsson fyrrverandi vegamálastjórar, Hreinn Haraldsson vegamálastjóri, Ögmundur Jónasson samgönguráðherra, Kristján L. Möller og Sturla Böðvarsson fyrrverandi samgönguráðherrar, Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra og fyrrverandi samgönguráðherra. Halldór Blöndal fyrrverandi samgönguráðherra stóð einnig við bordann en sést ekki á myndinni.

Héðinsfjarðargöng vígð, hátíðleg stund í eyðfirði

Stærsta einstaka verk í sögu vegagerðar á Íslandi var afhent Vegagerðinni 2. október í Héðinsfirði til afnota. Verktakarnir Metrostav og Háfell skiluðu af sér vel unnu verki sem Vegagerðin síðan opnaði fyrir almenna umferð. Á sama tíma innsigliðu íbúar Fjallabyggðar sameiningu svæðisins en sitt hvoru megin ganganna er að finna Siglufjörð og Ólafsfjörð.

Ögmundur Jónasson samgönguráðherra klippti bordann sem markaði opnun ganganna ásamt Hreini Haraldssyni vegamálastjóra. Ögmundur fékk sér til aðstoðar fjóra fyrrverandi samgönguráðherra og tveir fyrrverandi vegamálastjórar aðstoðuðu Hrein.

Þetta sýnir kannski best þann tíma sem verið hefur verið í undirbúningi og framkvæmd. Göngin eru 11 km löng, í tveimur

leggjum sem opnast í Héðinsfirði, Ólafsfjarðarleggurinn er 7,1 km en Siglufjarðarleggurinn 3,9 km.

Líklega voru milli 7 og 800 manns í Héðinsfirði að fylgjast með borðaklippingunni og hátíð sveitarfélagsins Fjallabyggðar í einstakri veðurlíðu.

Undirbúningur verksins

(Þessi texti hefur áður birst í bæklingi sem lá frammi í samsæti eftir vígslu)

Árið 1990 var lögð fram á Alþingi þingsályktunartillaga um könnun á gerð jarðganga og vegarlagningu milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar í framhaldi af opnun jarðganga um Ólafsfjarðarmúla. Fyrsti flutningsmaður var Sverrir Sveinsson frá Siglufirði en með honum voru þingmenn á Norðurlandi vestra og Norðurlandi eystra, þ.e. Halldór Blöndal, Jón

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 22. tbl. 18. árg. nr. 554 11. okt. 2010

Ritstjórn
og umsjón útgáfu:
**Viktor Arnar
Ingólfsson**
Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: Oddi

Ösk um áskrift sendist til:
Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík
eða með tölvupósti til:
vai@vegagerdin.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðs-
framkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt,
útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og
samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttæfni sem
verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka.
Útgáfa er óregluleg og nokkrar vikur geta liðið milli tölublaða.
Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur, fjölmiðlar og
áhugafólk. Áskrift er endurgjaldslaus.

Héðinsfjarðargöng, upplýsingar og myndir á vefnum

Á vefsíðu Vegagerðarinnar, www.vegagerdin.is, má finna tenginu inn á vefsíðu um Héðinsfjarðargöng undir tenglinum „framkvæmdir“.

Þar eru m.a. fjölmargar myndir og bæklingur þar sem fram koma tæknilegar upplýsingar um göngin o.fl.

Myndirnar á þessari síðu eru flestar úr þessu myndasafni.



Unnið við bergstyrkingu á munnasvæði í Siglufirði 19.12.2005.



Sturla Böðvarsson þáverandi samgönguráðherra (t.v.) við fyrstu sprengingu í Héðinsfjarðargöngum 30.09.06. Sigurður Oddsson (t.h.)



Unnið við borun í Ólafsfirði 22.11.2006.



Vatnsleki úr stafni Ólafsfjardarmegin 31.08.2007.



Komið í Héðinsfjörð eftir að Kristján L. Möller þáverandi samgönguráðherra sprengdi síðasta haftið í Siglufjarðarlegg 03.04.2008.



Starfsmenn við gangagröft koma í gegnum síðasa haftið sem var sprengt í Ólafsfjarðarlegg Héðinsfjarðarganga 09.04.2009.



Bygging vegskála í Ólafsfirði 07.12.2009.

Sæmundur Sigurjónsson, Jóhannes Geir Sigurgeirsson, Ragnar Arnalds, Árni Gunnarsson og Pálmi Jónsson. Allsherjafélag Alþingis lagði til að efni tillögunnar yrði fellt inn í nefnd þingmanna úr öllum þingflokkum sem vann ásamt Vegagerð ríkisins að gerð langtímaáætlunar í samgöngumálum. Virtist nefndinni að efni tillögunnar félli inn í verkefni þeirrar nefndar. Nefndarmenn voru sammála um að heppilegast væri að umræða um jarðgangagerð og könnun hennar færi fram í þeirri nefnd sem ynni að langtímaáætluninni.

Árið 1994 skipaði þáverandi vegamálastjóri, Helgi Hallgrímsson, samstarfshóp um endurbyggingu vegarins um Lágheiði. Í samstarfshópnum sátu fulltrúar allra aðliggjandi sveitarfélaga og Vegagerðarinnar. Hreinn Haraldsson hjá Vegagerðinni var formaður hópsins.

Fyrst og fremst átti hópurinn að horfa til endurbyggingar vegar um Lágheiði þannig að heils árs sambandi mætti koma á milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar en hópurinn kannaði einnig hugsanlega jarðgangagerð.

Sumarið 1996 hófst undirbúningur að rannsóknnum á jarðfræðilegum aðstæðum til jarðgangagerðar. Einnig fóru fram umferðarkannanir til að gera raunhæfa umferðarspá.

Samráðshópurinn lauk störfum í nóvember 1999 með gerð skýrslu: „Vegtengingar milli byggðarlaga á norðanverðum Tröllaskaga“. Til skoðunar voru þrjár kostir; Héðinsfjarðarleið, Fljótaleið og endurbyggður vegur um Lágheiði.

Í samanburði kosta var litið til ýmissa þátta s.s. kostnaðar, umferðar, vegalengda, byggðapróunar, snjóþyngsla og jarðfræði. Niðurstaða samráðshópsins var að göng um Héðinsfjörð væri besti kosturinn.

Meginröksemd fyrir tillögunni var sú að með þessari leið tengist Siglufjörður byggðum við Eyjafjörð á þann hátt að Eyjafjarðarsvæðið í heild verður öflugra mótvægi við höfuðborgarsvæðið og byggð á miðju Norðurlandi styrkist verulega. Ávinningur með hringtengingu með ströndinni um Tröllaskaga er einnig talinn verulegur fyrir sveitarfélög í Skagafirði, Siglufirði og Eyjafirði, einkum í ferðaþjónustu.

Vorið 2000 samþykkti Alþingi tillögu um gerð jarðganga á norðanverðum Tröllaskaga sem myndu tengja Siglufjörð og norðaustanverðan Skagafjörð betur við Ólafsfjörð og Eyjafjarðarsvæðið.

Mat á umhverfisáhrifum

Í kjölfar þessa vann Vegagerðin mat á umhverfisáhrifum fyrir jarðgangagerð á Tröllaskaga. Vegagerðin lagði til Héðinsfjarðarleið milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar. Jafnframt voru kannaðar aðrar leiðir í matsvinnunni og var megin samanburðarkostur í matsskýrslunni svokölluð Fljótaleið.

Í verkefnisstjórn fyrir mat á umhverfisáhrifum vegna vegtengingar á norðanverðum Tröllaskaga sátu Guðmundur Heiðreksson og Helga Aðalgeirsdóttir hjá Vegagerðinni, Stefán Gunnar Thors hjá VSÓ Ráðgjöf og Anton Brynjarsson hjá Arkitekta- og verkfræðistofu Hauks (AVH).

Matsáætlun

Matsáætlun vegna framkvæmdarinnar samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum var samþykkt í janúar 2001. Ýmsir sérfræðingar voru fengnir til að gera rannsóknir. Fornleifastofnun Íslands gerði fornleifakönnun,



Fullbúin Héðinsfjarðargöng á vígsludegi 2. október 2010. Gangamunni Siglufjarðarleggjar í Héðinsfirði. Í vegkantinum má sjá trefilinn langa sem lagður var á milli bæjarhlutanna í Fjallabyggð þennan dag.



Áð morgni vígsludags var efnt til almenningshlaups í gegnum jarðgöngin fjögur á Tröllaskaga. Þeir sem hlupu lengst hófu hlaupið við eystri gangamunna Múlaganga og hlupu í gegnum bæði Héðinsfjarðargöngin og Strákagöng, alls 26,8 km. Áðrir fóru styttra. Einnig voru á ferðinni hjóltreiddafólk og fólk á hjólaskíðum.

Náttúrufræðistofnun Íslands gerði rannsókn á jarðfræði, skriðuföllum, gróðri og fuglum, Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri gerði rannsókn á samfélagslegum áhrifum framkvæmdarinnar, Veiðimálastofnun á Hólum gerði athugun á fiskum í vötnum og ám, Verkfræðistofa Siglufjarðar gerði rannsókn á snjálögum og snjóflóðahættu við mögulega gangamunna og VSÓ Ráðgjöf tók saman upplýsingar um útivist og ferðamennsku á svæðinu. Eitt mikilvægasta markmið matsvinnunnar var að meta hvor fyrirbyggjandi valkosta félli betur að þeim markmiðum sem Alþingi hafði sett sér í byggðamálum og samgöngumálum. Jafnframt því að kanna hvort unnt væri að ná þessum markmiðum án þess að valda umtalsverðum og óásættanlegum umhverfisáhrifum.

Matsskýrsla

Matsskýrsla sem byggir á matsáætlun og niðurstöðum fjölmargra sérfræðinga á ýmsum sviðum var lögð fram í júlí 2001. Meðal annars voru metin möguleg áhrif framkvæmda á gróðurfar, fuglalíf, fiska, samfélag og byggð, landslag, og ferðamennsku. Niðurstaða mats á umhverfisáhrifum var að Héðinsfjarðarleið og Fljótaleið myndu ekki valda umtalsverðum neikvæðum áhrifum á umhverfið. Þessar framkvæmdir myndu hins vegar leiða til umtalsverðra jákvæðra áhrifa á byggð og þá sérstaklega á norðanverðum Tröllaskaga. Þegar þessar tvær leiðir voru bornar saman með tilliti til arðsemi og umhverfisáhrifa, á náttúru og samfélag, benti flest til þess að Héðinsfjarðarleið væri betri kostur. Út frá vegtæknilegu sjónarmiði og arðsemi lagði Vegagerðin til Héðinsfjarðarleið sem megin kost. Niðurstaða matsins var einnig sú að Héðinsfjarðarleið hafi jákvæðari áhrif á byggð

og samfélag án þess að valda verulegum neikvæðum áhrifum á náttúru svæðisins. Tvennt stóð upp úr:

1. Veruleg jákvæð áhrif sem bætta samgöngur með Héðinsfjarðarleið kunna að hafa á samfélagið á norðanverðum Tröllaskaga, þá fyrst og fremst Siglufjörð og Ólafsfjörð. Stytting milli þessara staða með tilkomu Héðinsfjarðarleiðar er 219 km á veturna og 47 km á sumrin.
2. Opnun Héðinsfjarðar með tilkomu jarðganga og vegar um fjörðinn. Þegar Héðinsfjörður verður aðgengilegri munu einkenni hans sem eyðifjörður rýrna og upplifun þeirra sem heimsækja hann kann að breytast eða verða öðruvísi en ef hann væri enn lokaður. Þetta eru e.t.v. helstu neikvæðu umhverfisáhrif framkvæmda.

2001 Úrskurður Skipulagsstofnunar

Úrskurður Skipulagsstofnunar var lagður fram í október 2001. Niðurstaðan var að fallist væri á fyrirhugaða gerð jarðganga og vegagerð á norðanverðum Tröllaskaga milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar samkvæmt Héðinsfjarðarleið og Fljótaleið, eins og henni væri lýst í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila.

2002 Úrskurður Umhverfisráðherra

Kærufrestur til umhverfisráðherra var til 23. nóvember 2001. Tvær kærur bárust. Umhverfisráðherra úrskurðaði um málið í maí 2002, þar sem úrskurður Skipulagsstofnunar var staðfestur að viðbættu skilyrði um endurheimt votlendis.

Fyrri útboð Héðinsfjarðarganga

Í maí árið 2002 auglýsti Vegagerðin eftir þátttakendum í forvali vegna þrenna áætlaðra vegganga milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar annars vegar og Siglufjarðar og Ólafs-

Trefillinn er sameiningartáknið

Í upphafi árs 2010 fóru að birtast um það fréttir í fjölmiðlum að íbúar á öllum aldri á Siglufirði og í Ólafsfirði væru að þrjóna 20 sentimetra breiðan og 17 km langan trefli. Það var Fríða Gylfadóttir listamaður á Siglufirði sem fékk þessa hugmynd og dreif fólknið með sér.

Verkinu lauk og lögðu á annað þúsund manns hönd að verki víða af landinu og erlendis frá. Fullbúinn trefillinn var lagður í vegkantinn frá Héðinsfirði til Siglufjarðar annarsvegur og Ólafsfjarðar hinsvegur kvöldið fyrir vígsludag Héðinsfjarðarganga. Það var svo hluti hátíðahaldanna í Héðinsfirði að sauma hlutana saman og staðfesta þannig sameiningu sveitarfélaganna tveggja í Fjallabyggð. Bæjarhlutarnir tveir eru nú af sumum nefndir Vesturbærinn og Austurbærinn.

Eftir gangavígsluna var trefillinn tekinn saman og síðar í haust fer hann á sýningu í menningarhúsinu Hofi á Akureyri og hugsanlega einnig til Reykjavíkur. Eftir áramót verður hann klipptur sundur í búta, merki Fjallabyggðar saumað í hlutana og þeir seldir til styrktar góðum málefnum.

Saga þessa listaverks er til nákvæmlega skráð á heimasíðu listamannsins, www.frida.is.



Fríða Gylfadóttir



Endi trefilsins í Ólafsfirði.



Sigurður Valur Ásbjarnarson bæjarstjóri í Fjallabyggð saumaði hluta trefilsins saman í Héðinsfirði. Annar endinn var merktur Fjallabyggð en hinn var gulur með merki Vegagerðarinnar. Það voru eiginkona Hreins Haraldssonar vegamálastjóra og dætur þeirra sem þrjónuðu þann hluta og eitthvað kom Hreinn að verki. Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands fylgdist með þegar búturnir voru saumaðir saman.

fjarðar hins vegar. Forvalið var auglýst bæði innanlands og á Evrópska efnahagssvæðinu. Í forvalsauglýsingu var tekið fram að með forvalinu bindi Vegagerðin sig ekki til að bjóða verkin út og ef af útbóði yrði væri áskilinn réttur til að bjóða verkið út í tveimur verksamningum á mismunandi tíma.

Útbodsgögn fyrir jarðgangagerð um Héðinsfjörð voru send sömu verktakahópum og valdir höfðu verið í forvali Fáskrúðsfjarðarganga og Héðinsfjarðarganga. Tilboðin voru opnuð 30. maí 2003.

Þann 2. júlí 2003 ákvað ríkisstjórnin að Vegagerðin skuli að hafna öllum tilboðum í verkið.

Í frétt frá forsætisráðuneytinu, dagsettri 11. júlí 2003, kom fram að ríkisstjórnin hafi ákveðið að Héðinsfjarðargöng yrðu boðin út haustið 2005 og að verkið yrði hafið haustið 2006. Í sömu frétt var kveðið á um að nokkrum smærri verkum sem tengdust gangaframkvæmdunum yrði lokið á næstu misserum. Í samræmi við þá ákvörðun ríkisstjórnarinnar bauð

Vegagerðin út byggingu brúa á Ólafsfjarðarós í Ólafsfirði á árinu 2003 og Fjarðará í Siglufirði á árinu 2004.

Síðara útbod Héðinsfjarðarganga

Í október 2005 auglýsti Vegagerðin eftir þátttakendum í forvali vegna jarðganga milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar. Óskum um þátttöku átti að skila inn eigi síðar en 13. desember 2005.

Útbodsgögn voru send þeim aðilum sem valdir voru í forvalinu síðari hluta janúar 2006 og tilboð opnuð 21. mars það ár. Í útbodsgögnum var gert ráð fyrir að verktaki gæti hafið framkvæmdir í júlí 2006 og að verkinu skyldi lokið eigi síðar en 10. desember 2009.

Verkframkvæmdir var boðin út í janúar 2006 og var það stærsta útbod í sögu Vegagerðarinnar. Fimm tilboð bárust og var samið við lægstbjóðanda, Metrostav a.s. og Háfell ehf. Verksamningur var undirritaður þann 20. maí 2006 og framkvæmdir hófust í júní 2006.

Mynd hér að neðan. Íbúar Fjallabyggðar og nágrennar fjölmennu á víglushátíðina í Héðinsfirði. Veglegt svið var sett upp á áningarstaðnum og gott hljóðkerfi sá til þess að allir gátu fylgt með gjörningum, ræðuhöldum og kórsöng. Ekki var leyfilegt að koma á einkabílum á svæðið en 10 rútur óku með fapega fram og til baka í báðar átti. Gískað er á að 600-700 manns hafið verið viðstaddir.

Mynd til hægri. Við fánaborðann standa frá vinstri talið: Helgi Hallgrímsson og Jón Rögnvaldsson fyrrverandi vegamálastjórar, Hreinn Haraldsson vegamálastjóri, Ögmundur Jónasson samgönguráðherra, Kristján L. Möller, Sturla Böðvarsson og Halldór Blöndal fyrrverandi samgönguráðherra, Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra og fyrrverandi samgönguráðherra.





Heiðursmenn Vegagerðarinnar við vígslu Héðinsfjarðarganga voru Jón Magnússon (t.v.) og Birgir Guðmundsson (t.h.) Skeraverðirnir voru systurnar Inga Rannveig (t.v.) og Birna Sísi (t.h.) Jóhannsdætur.



Séra Sigurður Ægisson og séra Sigríður Munda Jónsdóttir flytja blessunarorð í Héðinsfirði.

Verkframkvæmd

Héðinsfjarðargöng eru tvönn jarðgöng, annars vegar milli Siglufjarðar og Héðinsfjarðar sem eru tæpir 4 km að lengd og hins vegar milli Héðinsfjarðar og Ólafsfjarðar sem eru rúmir 7 km að lengd. Samanlögð lengd ganga í bergi er 10.570 m og við alla gangamunna eru steiptir vegskálar sem eru samtals um 450 m að lengd. Heildarlengd ganga með vegskálum er því 11.020 m. Göngin eru tvíbreið og neyðarútskot eru með 500 m millibili. Að auki eru þrjú stór snúningsútskot fyrir löng ökutæki. Verkið nær einnig til aðkomuvega utan ganga ásamt ýmsum tengivegum, samtals um 4 km að lengd. Bygging brúar í Héðinsfirði var einnig hluti af verkframkvæmdinni.

Göngin voru grafin úr báðum áttum og hófust gangasprenningar Siglufjardarmegin síðla í september 2006 og í byrjun nóvember sama ár frá Ólafsfirði. Gröftur frá Siglufirði gekk almennt vel og sprengt var út til Héðinsfjarðar 21. mars 2008. Í byrjun maí 2008 var síðan byrjað á gangagreftri í austanverðum Héðinsfirði og voru tæplega 2 km grafnir frá Héðinsfirði og í átt til Ólafsfjarðar en þar var greftri hætt

í lok janúar 2009. Frá Ólafsfirði gekk gröftur misvel og á köflum afar hægt vegna mikils vatnsinnrennslis og tímafrekra bergþéttinga. Sprengt var í gegn til Héðinsfjarðar þann 9. apríl 2009 og tók því gangagröfturinn alls um tvö og hálf ár.

Eftir gangagröft var unnið við endanlegar styrkingar á bergi og síðan lagningu fráveitukerfis í göngum sem er umfangsmikið en heildarlengd fráveitulagna í gangagólfi er um 32 km. Vinna við vatnslæðningar var einnig mikil en allt vatn í veggjum og lofti ganganna er skermað af með plastklæðningum og leitt ofan í fráveitukerfi í gólfi. Klæðningarnar eru síðan brunavarðar með sprautusteypu. Heildarflatarmál vatnslæðninga í göngum er um 77.000 m². Unnið var við vegagerð og aðra jarðvinnu utan ganga öll sumur verktímans. Samfelld vinna var við uppsteypu vegskála frá júlí 2008 þegar byrjað var á skála í Siglufirði og fram í febrúar 2010 er lokið var við skálann í Ólafsfirði. Malbikun aðalvegjar Siglufjardarmegin fór fram í júlí og vegur í göngum malbikaður í september á þessu ári.

Vinna rafverktaka við rafbúnað í göngum hófst í mars á þessu ári og er ekki að fullu lokið. Öryggis- og fjaraskiptabúnaður ganganna er umfangsmikill og þar má nefna t.d. neyðarsíma og handslökkvitæki með 250 m millibili, afar öflugt loftræsikerfi með 26 blásurum, hraðavara, hraðamyndavélar, eftirlitsmyndavélar við gangamunna, mengunarnema, lokunarbómur og hæðarslár. Loftljós eru í endilöngum göngum með 18 m millibili og við alla munna er meiri lýsing sem stýrist af birtu utan ganga. Ennfremur er aukin lýsing í öllum neyðarútskotum og öll skilti í göngum eru upplýst. Farsímasamband er í göngunum og einnig Tetra fjaraskiptakerfi



Samgönguráðherra og forseti Íslands aka inn í Héðinsfjarðargöng frá Siglufirði í lögrefluglygd.



Á áningarstað í Héðinsfirði eru sérstaklega fróðleg upplýsingaskilti um sögu byggðar í firðinum.

og ljósleiðari. Þrjár spennistöðvar eru í göngunum og sérstök stjórnhús utan á vegskálum í Siglufirði og Ólafsfirði. 33 kV háspennustrengur var lagður um göngin fyrir dreifikerfi Rarik. Heildarlengd allra raflagna í göngunum er um 185 km og ídráttarrör eru um 71 km að lengd. Öflugt stýrikerfi stjórnar öryggisbúnaði og fylgst verður með umferð og ástandi í göngunum af skjám í vaktstöðvum Vegagerðarinnar. Sérstakir neyðarstjórnarkápar eru einnig utan við hvern munna þar sem viðbragðsaðilar geta m.a. stjórnað lokunarbómum og loftræsingu í göngum. Veðurstöð verður í Héðinsfirði.

Vegalengd milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar um göngin er einungis um 15 km og stytta göngin vegalengdina milli þessara þéttbýliskjarna Fjallabyggðar um 47 km miðað við sumarleið um Lágheiði en um 219 km miðað við leið um Öxnadalsheiði. Heildarkostnaður við framkvæmdina alla er um 12 milljarðar króna.

Helstu aðilar verksins

Vegagerðin sem er verkkaupi hafði umsjón með undirbúningi og hönnun ganganna. Sérstakur stýrihópur verkkaupa var skipaður fyrir þetta verk og hann skipa formaður, Birgir Guðmundsson svæðisstjóri Norðaustursvæðis, Rögnvaldur Gunnarsson forstöðumaður framkvæmdadeildar Vegagerðarinnar og Gunnar H. Guðmundsson, umdæmisstjóri á Sauðárkróki.

Fulltrúi verkkaupa við verkið var Sigurður Oddsson, framkvæmdadeild Norðaustursvæðis, frá byrjun fram til 2008, en eftir það Jón Magnússon, framkvæmdadeild Norðvestursvæðis. Guðmundur Heiðreksson, yfirmaður áætlaða og hönnunarkaupar Norðaustursvæðis og Gísli



Í Héðinsfirði var flutt dagskrá á glæsilegu sviði.



Bæjarstjórn Fjallabyggðar og Vegagerðarin bauð öllum bæjarbúum og gestum í kaffi og kökur í íþróttamiðstöðinni í Ólafsfirði.

Eiríksson yfirmaður jarðgangadeildar fóru með umsjón hönnunar en hönnuðir voru:

Mannvit Reykjavík og Reyðarfirði, hönnun ganga Vegagerðin, hönnun brúa í Siglufirði og Héðinsfirði Verkfræðistofa Norðurlands Akureyri, hönnun vega og gerð mælinets

Verkís Akureyri, hönnun vegskála og brúar á Ólafsfjarðarós Raftákn Akureyri, rafhönnun

Teikn á lofti Akureyri, landmótun og hönnun áningarstaða Verkfræðistofa Siglufjarðar, hönnun snjóflóðavarnargarðs Jarðfræðistofan Reykjavík annaðist jarðfræðirannsóknir

GeoTek ehf. annaðist umsjón framkvæmda og eftirlit. Umsjónarmaður var Björn A. Harðarson og aðstoðarmaður hans og staðgengill var Oddur Sigurðsson. Verktaki var tékkneska fyrirtækið Metrostav a.s. og Háfell ehf. Verkefnisstjóri Háfells var fyrst Magnús Jónsson, síðan Guðmundur Björnsson og loks Valgeir Bergmann. Verkefnisstjórnar gangavinnu að hálfu Metrostav voru David Cyroñ og Ermin Stehlik.

Helstu undirverktakar BM Vallá, Rafmenn, Hlaðbær Colas, Vatnasklæðningar, Bás.



Sævar Ingi Jónsson
deildarstjóri
umferðareftirlits
skrifar:

**Breyting á lögum
um olúgjald og
kílómetragjald.**

Þann 1. okt sl. tóku gildi ákvæði 1. og 3. gr. laga nr. 63/2010, um breytingu á lögum nr. 87/2004, um olúgjald og kílómetragjald. Samkvæmt 1. gr. er nýjum málsliði bætt við 2. mgr. 4. gr. laga nr. 87/2004 og er um að ræða takmarkanir á sölu litadrar olú í sjálfsafgreiðsludælum. Ákvæðið er svohljóðandi.

„Gjaldskyldum aðilum skv. 1. mgr. 3. gr. er óheimilt að selja litaða olú í sjálfsafgreiðsludælum nema slík viðskipti eigi sér stað með sérstöku viðskiptakorti gjaldskylds aðila.“

Þá eru sektarfrjárhæðir í 5. mgr. 19. gr. laga nr. 87/2004, sbr. 3. gr. breytingarlaganna, hækkaðar um 50% en í ákvæðinu er kveðið á um sektir vegna notkunar á litadri olú á skráningarskyld ökutækjum. Eftir breytingarnar verða sektirnar eftirfarandi:

Heildarþyngd ökutækis:	Fjárhæð sektar:
0 - 3.500 kg.	300.000 kr.
3.501 - 10.000 kg.	750.000 kr.
10.001 - 15.000 kg.	1.125.000 kr.
15.001 - 20.000 kg.	1.500.000 kr.
20.001 - og þyngri	1.875.000 kr.

Leiðrétting

Í fyrstu málgrein á forsíðu síðsta tölublaðs var skrifað að Bolungarvíkurgöng hefðu verið vígð 25. október. Þar átti að sjálfsögðu að standa 25. september. Þeir sem geyma blöðin eru beðnir um að leiðrétta þetta.

Frágangur gamallar efnisnámu

á Breiðadalsheiði

Frágangur á gamalli efnisnámu í svokölluðu Skarði á Breiðadalsheiði stóð yfir í fjóra daga og er nú lokið. Valdemar S. Jónsson hjá Græði sf. vann að fráganginum og notaði til þess jarðýtuna sína sem ber nafnið Frekjan. Ástæða fyrir nafni jarðýtunnar er sú að hún er frek á olú og gefur frá sér hátt og frekjulegt hljóð við notkun. Valdemar tók það sérstaklega fram að starfsmenn Vegagerðarinnar eiga mikið hrós skilið fyrir þá hugsun á að ganga frá gömlum námum þrátt fyrir að

Niðurstöður útboða

Suðurstrandarvegur (427), Ísólfskáli

- Krýsuvíkurvegur 08-036

Tilboð opnuð 5. október 2010. Suðurstrandarvegur (427) á milli Ísólfskála og Krýsuvíkurvegar. Verkið felst í nýbyggingu Suðurstrandarvegur á 14,6 km löngum kafla ásamt gerð tenginga við hann. Innifalið í verkinu er lögn ræsa, gerð reiðstíga og girðinga.

Helstu magntölur eru:

Fylling	202.000 m ³
Bergskering	70.000 m ³
Efra burðarlag	32.000 m ³
Tvöföld klæðing	113.000 m ²
Frágangur fláa	220.000 m ²

Þann 1. maí 2011 skal uppsetningu rafgirðingar lokið. Verkinu skal að fullu lokið eigi síðar en 15. september 2012.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
15	Ýtan ehf. o.fl., Reykjavík	474.806.800	109,7	295.925
---	Áætlaður verktakakostnaður	433.000.000	100,0	254.119
14	Ellert Skúlason hf., Reykjanesbæ	381.085.000	88,0	202.204
13	Borgarverk ehf., Borgarnesi	342.773.000	79,2	163.892
12	Ístak hf., Reykjavík	341.344.755	78,8	162.463
11	Árni Helgason ehf., Ólafsfirði	333.952.000	77,1	155.071
10	Íslenskir aðalverktakar hf., Reykjavík	328.582.010	75,9	149.701
9	Þjótandi ehf., Hellu	315.790.000	72,9	136.909
8	Héraðsverk ehf., Egilsstöðum	311.900.300	72,0	133.019
7	Verktakar Magni ehf., Kópavogi	287.770.000	66,5	108.889
6	Skagfirskir verktakar, Sauðárkróki	282.300.000	65,2	103.419
5	Vélaleiga AP ehf., Reykjanesbæ	278.876.500	64,4	99.995
4	KNH ehf., Ísafirði	266.393.544	61,5	87.512
3	Ingileifur Jónsson ehf., Reykjavík	259.212.000	59,9	80.331
2	Suðurverk hf., Kópavogi	242.290.500	56,0	63.409
1	Háfell ehf., Reykjavík	178.881.460	41,3	0

þær séu löngu komnar úr alfaraleið, eins og háttar til um hinu fornu þjóðleið yfir Breiðadals- og Botnsheiði. Leiðin hætti að vera í alfaraleið eftir að samnefnd göng voru opnuð árið 1996.

Eins og sjá má er aðeins farið að grána í hæstu fjöll á meðan Valdemar var þarna að störfum, enda vinnustaðurinn í nærri 700 metra hæð.

Fáir vinnustaðir geta státað af eins miklu útsýni eins og ofan af Breiðadalsheiðinni. Eins og Önfirðingar og aðrir Vestfirðingar þekkja vel sem á árum áður áttu leið yfir heiðina.

Mynd og texti: Valdemar S. Jónsson

(Því miður var ekki hægt að prenta þessa ágætu mynd stærri því myndaskráin var heldur lítil)



Rannsóknarráðstefna Vegagerðarinnar 2010, Hótel Nordica 5. nóvember

Þróunarsvið Vegagerðarinnar stendur fyrir árlegri rannsóknarráðstefnu sinni föstudaginn 5. nóvember 2010 á Reykjavík Hilton Nordica hóteli. Þetta er í níunda sinn sem rannsóknarráðstefnan er haldin. Kveðið var á í vegalögum um að 1,5% af mörkuðum tekjum til vegamála skuli renna til rannsókn- og þróunarstarfs og er ráðstefnunni ætlað að endurspeglar afkastur hluta þess starfs. Hægt er að skrá sig á ráðstefnuna á www.vegagerdin.is

Dagskrá

08:00-09:00	Skráning
09:00-09:15	Setning (<i>Þórir Ingason, Vegagerðin</i>)
09:15-09:35	Leiðbeiningarit um efniskröfur og vinnsla steinefna til vegagerðar (<i>Hafþís E Jónsdóttir/Gunnar Bjarnason, Vegagerðin</i>)
09:35-09:45	Leiðbeiningar um hönnun vega (<i>Kristján Kristjánsson, Vegagerðin</i>)
09:45-10:00	Þungaálag reiknað út frá ferilgreiningu (<i>Einar Pálsson, Vegagerðin</i>)
10:00-10:15	Rannsókn á þróun hrýfi (sléttleika) nýbygginga og festunar eldri vega (<i>Valgeir Steinn Kárason, Vegagerðin</i>)
10:15-10:45	Kaffi
10:45-11:00	NordFoU Performance Prediction Models (<i>Sigurður Erlingsson, HÍ</i>)
11:00-11:15	Roadex, vegir á norðurlandslöðum (<i>Haraldur Sigursteinsson, Vegagerðin</i>)
11:15-11:30	Malarslitlag, klæðing, malbik - samanburður á valkostum (<i>Ingvi Árnason, Vegagerðin</i>)
11:30-11:45	Bindiefni til klæðinga (<i>Sigursteinn Hjartarson, Vegagerðin</i>)
11:45-12:00	Umræður og fyrirspurnir
12:00-13:00	Matur
13:00-13:15	Hönnun þjóðvega í þéttbýli (<i>Erna Bára Hreinsdóttir, Vegagerðin</i>)
13:15-13:30	Bífhjól, vegir og umferðaröryggi (<i>Njáll Gunnlaugsson, Snígla og Daníel Árnason, Vegagerðin</i>)
13:30-13:45	Aðreinar og fráreinar - slysatíðni (<i>Þorsteinn R. Hermannsson og Grétar Þór Ævarsson, Mannvit</i>)
13:45-14:00	Ferðaveðurspá, vindhviður og aðrir veðurþættir sem hafa áhrif á umferð (<i>Einar Sveinbjörnsson, Veðurvaktin</i>)
14:00-14:15	Loftslagsbreytingar og vegagerð (<i>Skúli Þórðarson, Vegsýn</i>)
14:15-14:30	Votlendi og vegagerð (<i>Hlynur Óskarsson, LbHÍ</i>)
14:30-14:45	Vistvænar almennissamgöngur í dreifbýli (<i>Ingigerður Erlingsdóttir, Þróunarfélag Austurlands og Freyr Ingólfsson, Mannvit</i>)
14:45-15:15	Kaffi
15:15-15:30	Sérakreinar strætisvagna á höfuðborgarsvæðinu (<i>Kristveig Sigurðardóttir, Almenna verkfræðistofan</i>)
15:30-15:45	Skipulag á höfuðborgarsvæðinu, sjálfbærar samgöngur (<i>Harpa Stefánsdóttir, Arkitektúra og Hildigunnur Haraldsdóttir, Hús og skipulag</i>)
15:45-16:00	Ferðavenjur eftir efnahagshrun (<i>veturinn 2009-2010 og sumarið 2010</i>) (<i>Bjarni Reynarsson, Landráð</i>)
16:00-16:15	Arðsemismat framkvæmda (<i>Axel Hall, HR</i>)
16:15-16:30	Jöklarannsóknir (<i>Jöklaþingur Jarðvísindastofnunar Helgi Björnsson, Finnur Pálsson, Sverrir Guðmundsson, Eyjólfur Magnússon</i>)
16:30-16:45	Þegar strengir Hörpunnar slitna (<i>Ríkharður Kristjánsson, ÍAV</i>)
16:45-17:00	Umræður og fyrirspurnir
17:00-	Ráðstefnuslit, léttar veitingar í boði Vegagerðarinnar

Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar. Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaíðdar. Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst:	Opnað:
	dagur, mánuður, ár	
10-058 Reykjanesbraut (41) undirgöng við Grænás	2010	
10-012 Efnisvinnsla á Norðvestursvæði 2010, Vesturland	2010	
Auglýst útboð	Auglýst:	Opnað:
10-057 Hringvegur (1) brú á Ystu - Rjúkandi	04.10.10	26.10.10
10-063 Hringvegur (1) vegtenging við Mógilsá	27.09.10	12.10.10
Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:
08-036 Suðurstrandarvegur (427), Ísólfskáli - Krýsuvíkurvegur	20.09.10	05.10.10
10-021 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Norðausturvegur (85), Lón - Raufarhöfn	23.08.10	07.09.10
10-023 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Norðausturvegur (85), Raufarhafnarvegur - Fell	23.08.10	07.09.10
10-056 Styrkingar og endurbætur á Ásvegi (275) og Kálfholtsvegi (288)	09.08.10	24.08.10

Útboð á samningaborði, framhald	Auglýst:	Opnað:
10-025 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, vegir á Fljótsdalshéraði	09.08.10	24.08.10
10-003 Vetrarþjónusta 2010 - 2014, Rangárvallasýsla og Flói	19.07.10	04.08.10
10-028 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Hringvegur(1), Breiðdalsvík - Djúpvogur	05.07.10	20.07.10
10-020 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Kross - Lón í Kelduverfi	05.07.10	20.07.10
10-022 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Hringvegur(1), Einarstaðir - Biskupsháls	05.07.10	20.07.10
10-029 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Hringvegur(1), Djúpvogur - Höfn	05.07.10	20.07.10
10-030 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Hringvegur(1), Höfn- Örnefi	05.07.10	20.07.10
10-027 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Suðurfjarðavegur (96)	28.06.10	13.07.10
10-026 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Norðfjarðavegur	28.06.10	13.07.10
Samningum lokið	Opnað:	Samið
10-059 Vaðlaheiði, borun rannsóknarholna Geotækni ehf., kt. 680907-0640	07.09.10	22.09.10




Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Vegagerðin kynna:

Námskeið um efnisrannsóknir og efniskröfur í vegagerð

Námskeiðið verður haldið í *Mótorskálanum* í húsnæðinum Vegagerðarinnar *Borgartúni 7* og er ætlað öllum þeim sem koma að hönnun, framleiðslu, framkvæmd og eftirliti í vegagerð.

Leiðbeinendur verða sérfræðingar á þessu sviði:

- Gunnar Bjarnason, forstöðumaður jarðfræðideildar VG
- Hafdís Eygló Jónsdóttir, verkefnastjóri á Jarðfræðideild VG
- Ingvi Árnason, deildarstjóri viðhalds og þjónustu á Norðvestursvæði VG
- Pétur Pétursson, forstöðumaður steinefna og veptæknideildar Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands

Tvær dagsetningar í boði:
Fimmtudagurinn 11. nóvember og föstudagurinn 19. nóvember, kl. 09:00 - 16:30.

Athugið: Takmarkaður fjöldi þátttakenda.

Nánari upplýsingar um dagskrá, verð og skráningarform er að finna á heimasíðu Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, www.nmi.is/impra/namskeid.